

Reglur um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna í heimahúsum

- 1.** Barn það sem niðurgreitt er fyrir skal hafa lögheimili í Reykjanesbæ
- 2.** Dagforeldri þarf að hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005
- 3.** Það barn sem niðurgreitt er fyrir skal vera á biðlista eftir leikskólavistun
- 4.** Foreldrar allra barna sem dvelja hjá dagforeldrum og eiga lögheimili í Reykjanesbæ eiga rétt á niðurgreiðslu dvalargjalds að loknu fæðingarorlofi
- 5.** Greitt er niður fyrir barn í 11 mánuði á ári hverju.
- 6.** Niðurgreiðsla greiðist til dagforeldris samkvæmt samningi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er staðfesting á vistunartíma barns af hálfu dagforeldris.
- 7.** Niðurgreiðsla sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er ætíð endurkræf. Heimilt er að draga upphæð, sem fengin hefur verið með slíkum hætti, frá næstu niðurgreiðslu
- 8.** Niðurgreiðsla er samkvæmt gjaldskrá Reykjanesbæjar hverju sinni. Árið 2023 er niðurgreiðsla 77.904 kr. miðað við 8 tíma vistun fyrir börn á aldrinum 12-18 mánaða. Þegar börn hafa náð 18 mánaða aldri er niðurgreiðsla 110.800kr. Vegna tvíbura greiðist aukalega 3,5 tímar.
- 9.** Tekjulágir foreldrar geta sótt um auka niðurgreiðslu. Auka niðurgreiðsla er háð mánaðartekjum síðustu þriggja mánaða. Ef foreldrar eru í sambúð eða hjónabandi er um samanlagðar tekjur þeirra að ræða. Auka niðurgreiðslur þarf að sækja um hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar.
- 10.** Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um auka niðurgreiðslu:
 - Afrit af skattaskýrslu síðasta árs
 - Yfirlit tekna síðustu þriggja mánaða, þ.m.t. launaseðlar, tryggingabætur, lífeyrissjóðsgreiðslur, atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð
- 11.** Auka niðurgreiðslur er samkvæmt gjaldskrá Reykjanesbæjar hverju sinni.